

ERINDISBRÉF**Stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar****Ábyrgðarmaður:**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta nýja stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarbúa og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Að gera tillögu að heildstæðri stefnu í lýðræðismálum með áherslu á samráð við borgarbúa. Markmið lýðræðisstefnu er fyrst og fremst að leggja grunninn að skýrri og gagnsærru umgjörð íbúalýðræðis innan Reykjavíkurborgar.
- Að móta vegvísi við íbúalýðræði.
- Að horfa til þeirrar upplýsinga sem þegar hefur verið aflað og vinna áfram úr drögum að lýðræðisstefnu dags. 23. apríl 2018.
- Að hafa víðtækt samráð við hagsmunahópa.

Stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Ásgerður Jóna Flosadóttir
Daníel Örn Arnarson
Diljá Ámundadóttir Zoega
Örn Þórðarson
Skúli Helgason

Starfsmaður:

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 1. maí 2020.